



Lagt fyrir 420. fund velferðarráðs 2. febrúar 2022
VEL2021110032
RÁ/ds

Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sósíalistaflokks Ísland um fjölda íbúða hjá Félagsbústöðum

Þann 3. nóvember 2021 lagði fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um fjölda íbúða hjá Félagsbústöðum:

Upplýsingar um fjölda eigna sem Félagsbústaðir hafa átt í árslok frá upphafi, til stöðunnar í dag og upplýsingar um fermetrastærð eftir árum. Óskað er eftir því að fjöldi íbúða í lok tímabils verði sundurgreindar eftir tegund, þ.e.a.s. almennar félagslegar íbúðir, þjónustuíbúðir aldraðra, sértæk búsetuúrræði.


Svar:

Ofangreind fyrirspurn var send Félagsbústöðum til afgreiðslu og barst meðfylgjandi svar 31. janúar sl.:

Eignasafn Félagsbústaða

Á myndinni hér að neðan má sjá fjölda eigna Félagsbústaða frá stofnun 1997 til 31. janúar 2022. Um er að ræða allt húsnæði í eigu félagsins, þ.e. félagslegt leigushúsnæði, skammtímaðvalir og húsnæði vegna þjónustu við leigjendur. Alls eru þetta 2982 eignir og 203.600 fm.

Fjöldi eignakaupa eftir árum, með kaupsamningum




Íbúðakaup eftir úthlutunarflokkum

Áreiðanleg tölfræði um fjölda íbúða í hverjum úthlutunarflokki langt aftur í tímann liggur ekki fyrir en í súluritunum hér að neðan má sjá íbúðakaup á árunum 2017 til og með 2021 eftir úthlutunarflokkum. Rauða línan táknar uppsafnaðan fjölda íbúða.

1. Almennt félagslegt leiguhúsnaði, aukning um 338 á tímabilinu


Fjöldi eignakaupa eftir árum



2. Húsnæði fyrir fatlað fólk, aukning á tímabilinu um 98 íbúðir

Fjöldi eignakaupa eftir árum


Fjöldi hvert ár Heildarfjöldi



3. Þjónustuíbúðir fyrir aldraða

Fjöldi eignakaupa eftir árum

Fjöldi hvert ár Heildarfjöldi



Fleiri íbúðir eru sérstaklega ætlaðar eldra fólki. Þær falla innan almennra félagslegra leiguíbúða.


4. Húsnæði fyrir heimilislausa. Alls voru keyptar 10 íbúðir árið 2017 (smáhýsi í eigu borgarinnar ekki meðtalin).

Fjöldi félagslegra leiguíbúða og skipting eftir úthlutunarflokkum

Í lok árs 2021 leigðu Félagsbústaðir út 2994 félagslegar leiguíbúðir þar af eru 102 íbúðir í eigu annarra, eins og Brynju hússjóðs Öryrkjabandalagsins, Þroskahjálpar ofl.

Fjöldi félagslegra leiguíbúða í eigu og í umsjón Félagsbústaða í janúar 2022.

Fjöldi eftir úthlutunum



Rétt er að geta þess að íbúðir færast milli flokka, þ.e. á einum tíma getur íbúð fallið undir almenna félagslega leiguíbúð en færst svo í húsnæði fyrir fatlað fólk við næstu úthlutun. Einnig eru mun fleiri íbúðir sérstaklega ætlaðar eldra fólki þó þær séu ekki þjónustuíbúðir.